

Snæfellsbær
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Snæfellsási 2
360 HELLISSANDI

15. janúar 2004

FEL04010026/1001

Vísað er til erindis yðar, dags. 9. janúar 2004, þar sem þér óskið eftir álit ráðuneytisins á því hvort sveitarfélögunum Stykkishólmsbæ, Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ og Helgafellssveit sé heimilt að veita eignarhaldsfélaginu Jeratún ehf. sjálfskuldarábyrgð vegna lántöku félagsins.

Með erindinu fylgdu ýmis gögn, þ.á m. samþykktir fyrir Jeratún ehf. og húsaleigusamningur sem félagið hefur gert við menntamálaráðuneytið. Af málgögnum er ljóst að félagið er að öllu leyti í eigu framangreindra sveitarfélaga og er megintilgangur þess að byggja skólahús fyrir framhaldsskóla og eignarhald og rekstur þess húss. Gildir húsaleigusamningurinn til tuttugu ára. Fyrir liggur að félagið hyggt taka lán að fjárhæð 330 milljónir króna til að standa straum af byggingarkostnaði.

Í erindinu er rakið að það sé eitt af lögbundnum verkefnum sveitarfélaga að standa að byggingu framhaldsskóla og er þeirri skoðun lýst í erindinu að sveitarfélögum hljóti að vera heimilt að ábyrgjast hlutfallslega sem nemur eignarhlut þeirra í félagi sem er einungis í eigu sveitarfélaga, enda sé um opinbera framkvæmd að ræða, þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, þar sem lagðar eru hömlur við ábyrgðarveitingum sveitarfélaga.

Álit ráðuneytisins

Ekki er gert ráð fyrir því í sveitarstjórnarlögum að ráðuneytið geti staðfest lögmæti ábyrgðarskuldbindinga sem sveitarfélög takast á hendur, enda er kveðið á um í 78. gr. stjórnarskrárinnar að sveitarfélög skuli sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Svar ráðuneytisins hlýtur því eingöngu að skoðast sem álit sem ráðuneytið veitir um ýmis álitamál sem upp kunna að koma við framkvæmd sveitarstjórnarmálefna, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Samkvæmt 6. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga er sveitarfélögum almennt óheimilt að gangast í ábyrgð fyrir skuldbindingum annarra aðila en stofnana sveitarfélagsins. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Eigi má binda sveitarsjóð í ábyrgðir vegna skuldbindinga annarra aðila en stofnana sveitarfélagsins. Prókuruhafa sveitarsjóðs er þó heimilt fyrir hönd sveitarfélags að ábyrgjast með framsalsáritun greiðslu viðskiptaskjala sem sveitarfélagið hefur eignast á eðlilegan hátt í tengslum við daglegan rekstur þess.“

Ráðuneytið hefur í nokkrum málum fjallað um túlkun á umræddu ákvæði. Hefur niðurstaðan í flestum tilvikum ráðist af því hvort lántakandi gæti talist vera „stofnun sveitarfélags“ í skilningi 6. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. einnig 60. gr. sömu laga.

Í álit ráðuneytisins frá 10. júlí 2003 var fjallað um ábyrgðarveitingu til Hitaveitu Rangæinga. Þar segir m.a.:

„Þar sem annað er ekki tekið fram í fyrrgreindri reglugerð og samningi verður að miða við að hitaveitan sé í sameign þeirra sveitarfélaga sem að henni standa. Ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 um byggðasamlög, sbr. 82.-85. gr. laganna, eiga því a.m.k. ekki með beinum hætti við um starfsemi veitunnar og ábyrgð eigenda á skuldbindingum hennar, en í úrskurði ráðuneytisins frá 26. mars 2002, varðandi Sorpstöð Suðurlands bs., komst ráðuneytið að þeirri niðurstöðu að eigendum byggðasamlags

væri heimilt að ábyrgjast skuldbindingar byggðasamlags, þar sem það teldist vera stofnun hlutaðeigandi sveitarfélaga í skilningi 6. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

Í álitni ráðuneytisins frá 23. mars 1987 (ÚFS 1986-1989:45) var fjallað um aðstæður sem virðast sambærilegar við mál það sem hér er til umfjöllunar. Var ráðuneytið þar innt álits á því hvort eigendur Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar mættu takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldbindingum veitunnar. Niðurstaða ráðuneytisins var sú að þetta væri heimilt þar sem hitaveitan teldist stofnun þeirra sveitarfélaga sem að henni stóðu, sbr. 4. mgr. 89. gr. þágildandi sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.“

Að álitni ráðuneytisins geta framangreind sjónarmið einnig átt við um eignarhaldsfélagið Jeratún ehf., sem er stofnað gagngert í þeim tilgangi að vera samstarfsvettvangur fjögurra sveitarfélaga utan um lögákveðið verkefni, sem er bygging framhaldsskóla, sbr. XII. kafla laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996. Er það mat ráðuneytisins að ekki beri að túlka ákvæði 6. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, svo þröngt að það hindri að sveitarfélög ábyrgist lán sem tekin eru í nafni félags sem þau stofna til að rækja verkefni sem þeim er falið samkvæmt lögum.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telur ráðuneytið að Stykkishólmsbæ, Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ og Helgafellssveit sé heimild að veita eignarhaldsfélaginu Jeratúni ehf. ábyrgð, hlutfallslega sem nemur eignarhluta hvers sveitarfélags fyrir sig, vegna lántöku félagsins að upphæð 330 milljónir króna. Ráðuneytið vill þó benda á að það telur eðlilegt að sem fyrst verði bætt í samþykktir félagsins ákvæði um hvernig fara skuli með ábyrgð eigenda á skuldbindingum félagsins við brottgöngu úr félaginu. Jafnframt mælir ráðuneytið með því að frekari hömlur verði í samþykktum félagsins við sölu einstakra hluta, t.d. á þann veg að óheimilt verði að selja öðrum en sveitarfélögum eða ríkissjóði hluti nema með samþykki allra hluthafa.

F. h. r.

Guðjón Bragason (sign.)

Guðmundur Ómar Hafsteinsson (sign.)